

**Borgarstjórn Reykjavíkur**  
**8. apríl 2025**

**Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalístaflokksins, Flokks fólksins og Vinstri grænna um fjölgun sumarstarfa fyrir 17 ára ungmenni**

Borgarstjórn samþykkir að skapa 100 störf fyrir 17 ára ungmenni í sumar. Hluti þessara starfa verði útfærður sérstaklega fyrir 17 ára ungmenni í viðkvæmri stöðu. Jafnframt verði lögð lokahönd á framtíðarfyrirkomulag sumarstarfa fyrir 17 ára ungmenni svo ekki þurfi að bregðast við á hverju vori.

**Greinargerð**

Reykjavíkurborg hefur undanfarin ár auglýst ríflega 1000 sumarstörf og þar af hafa einungis um 30-40 stöðugildi sérstaklega verið ætluð 17 ára ungmennum. Síðustu ár hefur borgarráð jafnan samþykkt að bæta við sumarstörfum fyrir 17 ára aldurshópurinn. Í fyrra var ákveðið að fara í sérstakt þróunarverkefni og veita fjármagni til sköpunar 50 starfa fyrir 17 ára í viðkvæmri stöðu. Það verkefni gaf ágætis raun.

Vorið 2024 skilaði starfshópur um framtíðarfyrirkomulag sumarstarfa fyrir 17 ára skýrslu sinni en hópurinn vann fína vinnu, aflaði upplýsinga um fyrirkomulag starfa fyrir þennan aldurshóp hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og kortlagði vel stöðuna á sumarstörfum. Í skýrslunni var að finna sviðsmyndir og tillögur um framtíðarfyrirkomulag ásamt kostnaðarmati. Þessi tillaga er byggð á þessari skýrslu þar sem þörfin var metin.

Rannsóknir hafa sýnt að sumarstarf á þessum aldri hefur mikið forvarnargildi, stuðlar að þroska og efnahagslegu sjálfstæði ungmenna. Sumarstörf fyrir þennan aldurshóp gefa ungmennum tækifæri til tengslamyndunar á mikilvægum mótunarárum og undirbýr þau fyrir þátttöku á vinnumarkaði.

Aldurshópunum 14, 15 og 16 ára eru tryggð pláss í Vinnuskóla Reykjavíkur. Líkt og kemur fram í skýrslu starfshóps sem falið var að skoða framtíðarfyrirkomulag sumarstarfa fyrir 17 ára benti á að 17 ára ungmenni falla oft á milli, þar sem þau mega ekki sinna öllum hefðbundnum sumarstörfum sem auglýst eru hjá Reykjavíkurborg.

Áætlaður kostnaður er í kringum 100 m.kr. sem eru laun og launatengd gjöld vegna sumarstarfanna séu ungmennin ráðin í fjórar vikur. Einnig þarf að gera ráð fyrir verkefnastjóra sem heldur utan um ráðningar ungmenna í viðkvæmum hópi. Reynsla síðasta árs sýndi fram á mikilvægi þess að haldið sé vel utan um ungmenni í viðkvæmri stöðu þegar verið er að finna sumarvinnu. Hluti hópsins gæti þurft stuðning í starf og aðstoð við gerð ferilskrár. Áætlaður kostnaður við ráðningu atvinnuráðgjafa í tvo mánuði er 1,6 m.kr. og er það innifalið í kostnaðaráætlun.